

# STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1989

28. mars 1989

361

Nr. 177

## REGLUGERÐ

### um innheimtu höfundarréttargjalds við tollafgreiðslu.

#### 1. gr.

Við innflutning vara sem taldar eru upp í lið A-C skal greiða höfundarréttargjald sem hér segir:

- A. – Af segulbandstækjum sem flokkast í tnr. 8520.3100 og 8520.3900 4%
  - Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%.
  - Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi og plötuspilara sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%.
  - Af myndbandstækjum sem flokkast í tnr. 8521.1029 og 8521.9029 4%.
  - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1101 2%
  - Af útvarpstækjum með plötuspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1102 1%
  - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.2101 2%
  - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%
  - Af útvarpstækjum með plötuspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%
  - Af hljóð- og myndbandaupptökutækjum með búnaði fyrir móttöku á sjónvarpsmerki þó ekki með myndskjá sem flokkast í tnr. 8528.1002 4%
- B. – Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1102, 8523.1202 og 8523.1302 skal greiða 60 kr. á hvert stykki.
- C. – Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1109, 8523.1209 og 8523.1309 skal greiða 20 kr. á hvert stykki.

Gjald skv. B og C lið skal hækka ársfjórðungslega samkvæmt lánskjaravísistölu frá gildistöku laga nr. 78/1984, en 1. mars 1989 var hún 2.346 stig og miðast við áorðnar breytingar á lánskjaravísistölu í upphafi hvers ársfjórðungs.

#### 2. gr.

Höfundarréttargjald samkvæmt A-lið 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði 8.–10. gr. tollalaga gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög og refsingar og aðra framkvæmd varðandi innheimtu höfundarréttargjalds við tollafgreiðslu skulu gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 55/1987, tollalaga, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

## 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu höfundarréttargjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs. Tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil í ríkissjóð. Ríkisféhirðir skal halda sérstakan reikning á nafni Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda og annast mánaðarlega skil gjaldsins til Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda. Samkvæmt sérstöku samkomulagi greiðir Innheimtumiðstöð höfundarréttargjalda ríkissjóði sérstaka innheimtuþóknun sem er 1% af innheimtufé.

## 4. gr.

Menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í lögum nr. 78/1984, um breyting á höfundarlögum nr. 73/1972 og í samræmi við samkomulag Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda og Félags íslenskra stórkaupmanna um tilhögun á innheimtu gjaldsins, öðlast gildi 15. apríl 1989 og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. sem ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Reglugerð þessi gildir þar til annað verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 28. mars 1989.*

**Svavar Gestsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*

**REGLUGERÐ****um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.**

## 1. gr.

Frá og með 8. apríl 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22' V og að austan af 20°34' V
2. Að vestan af 19°30' V og að austan af 18°00' V
3. Að vestan af 16°40' V og að austan af 16°00' V

Að sunnan markast svæðin af línu, sem dregin er fjórar sjómíllur utan við viðmiðunarlínu, sbr. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.